

**Mál nr. 423/2016****M og  
váttryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar X****Vinnuslys við notkun á stiga þann 25. apríl 2016.****Gögn.**

1. Málskot móttakið þann 15. desember 2016 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V frá 2. janúar 2017.

**Málsatvik.**

Þann 25. apríl 2016 var M sendur af hálfu vinnuveitanda síns, X, að einbýlishúsi á Seltjarnarnesi sem er í eigu forsvarsmanna X en það vann að endurbótum á húsinu. Var M sendur þangað til að halda áfram vinnu við loftklæðningu og að taka línu milli tveggja veggja. Aðrir höfðu unnið að verkinu á undan M sem var beðinn um að taka við. Á verkstað var búið að stilla upp vinnupalli öðru megin í rýminu, þar sem taka átti línuna milli veggja. Vinnupallurinn náði ekki alla leið yfir rýmið en ekki var annar vinnupallur uppsettur á staðnum. Þar sem M þurfti að taka mælinguna hinum megin frá, og í um 3,5 – 4 metra hæð þurfti hann að nota stiga í stutta stund. Þegar M hafði unnið í stiganum í stutta stund gaf stiginn sig með þeim afleiðingum að M fékk í gólfið úr u.þ.b. 2 – 3 metra hæð. M leitaði strax á slysadeild í Fossvogi þar sem í ljós kom að hann hafði brotnað illa á hægri úlnlið. M var strax óvinnufær eftir slysið.

Vinnueftirlitinu var ekki tilkynnt um slysið og því fór ekki fram nein rannsókn á aðstæðum á vettvangi. Lögreglan var heldur ekki kölluð á vettvang.

M krefst skaðabóta úr hendi X á grundvelli sakarreglu skaðabótaréttar og meginreglunni um vinnuveitandaábyrgð, þ.e. að líkamstjóni M hafi verið valdið með saknæmri háttsemi af hálfu X og/eða starfsmanna X. Byggt er á því annars vegar að tjónið sé að rekja til þess að stiginn hafi verið vanbúinn og hins vegar að tjónið sé að rekja til ófullnægjandi verkstjórnar.

V hafnar skaðabótaskyldu X. Er vísað til þess að X hafi ekki vitað af stiganum á umræddum stað og því geti það ekki verið á hans ábyrgð að stiginn sé vanbúinn. M hafi metið stigann tækan til verksins enda hafi hann verið fullfær til þess þegar litið er til menntunar, aldurs og starfsreynslu M. Hefði M talið ástæðu til hefði hann getað sótt annan stiga eða óskað eftir því að annar stigi yrði sendur á verkstað.

**Álit.**

Það er meginregla í skaðabótarétti að sá sem krefst skaðabóta frá öðrum aðila vegna tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir verður að færa sönnur á saknæma og ólögmeta háttsemi þess sem hann telur bera ábyrgðina.

Málavaxtalýsingu M hefur í meginráttum ekki verið mótmælt af hálfu V. Er því haldið fram af hálfu M að stiginn hafi verið vanbúinn enda hafi hann gefið sig með fyrrgreindum afleiðingum. Ekki var kallað á Vinnueftirlit ríkisins eins og lög gera ráð fyrir og eigi heldur lögreglu. Því hefur engin rannsókn farið fram um orsakir slyssins, m.a. á stiganum sjálfum. Á því verður X að bera hallann af.

Engir undirverktakar voru á staðnum og því hlýtur stiginn að hafa verið á vegum X. Ástand stigans var því á ábyrgð X en telja verður að ástandið hafi verið ábótavant í ljósi þess að hann gaf sig þannig að M féll á gólfið.

Samkvæmt framangreindu verður að teljast sannað að X eigi að bera bótaábyrgð á líkamstjóni M.

**Niðurstaða.**

M á rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu X.

Reykjavík, 7. febrúar 2017.  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.